



LUNDARSKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VELLÍÐAN

MATSÁÆTLUN OG SKÝRSLA

INNRA MAT Í LUNDARSKÓLA 2019 – 2020

Samantekt: Marianna Ragnarsdóttir fh. matsnefndar

Innihald

Innra mat Lundarskóla.....	3
Matsáætlun 2019 – 2020	4
Nám og kennsla.....	5
Skólabragur	6
Sérverkefni í skólanum.....	7
Teymisvinna árganga	12
Innra mat:	13
Umbótaáætlun	13
Niðurlag.....	16

Innra mat Lundarskóla

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu.

Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gátlista frá Menntamálastofnun varðandi innra mat <https://mms.is/> sjá nánar (https://mms.is/sites/mms.is/files/innra_mat_grunnskoli.pdf).

Í þessu skjali er matsáætlun fyrir skólaárið 2019 – 2020 og matsskýrsla.

Matsáætlun 2019 – 2020

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur í matinu	Hvenær á að meta
Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir	Skólapúlsinn, samræmd könnunarpróf, læsi, niðurstöður úr námsmati	Deildarstjóri eldri deildar/Jóhannes/kennarar	Nemendur	Allt skólaárið
Skipulag náms og námsumhverfi	Jafningjamat, gátlisti við mat á námi og kennslu	Kennarar/stjórnendur	Kennarar	1 x á skólaári hjá hverjum kennara
Kennsluhættir, gæði náms og kennslu	Jafningjamat, gátlisti við mat á námi og kennslu /rýnihópar kennara um nám og kennslu	Kennarar/stjórnendur	Kennarar	1 x á skólaári
Námshættir og námsvitund	Spurningalisti til nemenda, Skólapúlsinn	Kennarar	Nemendur	Mars/apríl
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	Spurningalisti til nemenda, Skólapúlsinn	Kennarar	Nemendur	Mars/apríl
Skólabragur:				
Viðmót og menning í skólanum	Kaffihúsafundur, rýnihópavinna	Stjórnendur	Allt starfsfólk	1x á skólaári
Sérverkefni skólans:				
SMT- aga stefna	Matsblað og niðurstöður úr SET listum	Teymi SMT	Allt starfsfólk/nemendur	1x á skólaári
Starfs- og skólaþróunarhópar	Umræður, kynning og skýrsla	Þróunarhópur	Kennarar	Vor 2020
Teymisvinna	Kynningar og skýrsla teyma	Teymi árganga	Teymi árganga	Vor 2020
Heilsueflandi grunnskóli	Umræður, kynning og skýrsla	Teymi um heilsueflandi grunnskóla	Allt starfsfólk/teymi heilsueflandi grunnskóla	Vor 2020
Innra mat:				
Framkvæmd innra mats	Unnið samkvæmt matsáætlun fyrir hvert skólaár	Matsnefnd	Allt skólasamfélagið, fer eftir matsþáttum	Allt skólaárið
Umbótastarf í kjölfar innra mats	Niðurstöður og umbótaáætlun árlega	Matsnefnd	Allt skólasamfélagið, fer eftir matsþáttum	Allt skólaárið

Nám og kennsla

Í innra mati á námi og kennslu var rýnt í eftirfarandi þætti:

- Kennsluhætti, gæði náms og kennslu.
- Skipulag náms og námsumhverfis.
- Inntak, árangur og framfarir.
- Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttöku og ábyrgð nemenda.
- námshættir og námsvitund.

Matstæki sem voru nýtt við matið voru Skólapúlsinn, gátlistar, spurningalistar, rýnihópar og jafningjamat. Niðurstöður voru teknar saman, skráðar. Þátttakendur í matinu voru nemendur og kennarar.

Niðurstöður úr gátlistum og jafningjamati á námi, kennslu, skipulagi náms og námsumhverfis gáfu til kynna að skipulag og undirbúningur var almennt mjög góður. Viðeigandi námsgögn voru til staðar í upphafi tíma hvort sem nemendur voru að vinna í hópavinnu, stöðvavinnu eða einstaklingsvinnu.

Námsumhverfi var vel skipulagt í öllum tilfellum óháð því hvort um stór eða lítil rými var um að ræða.

Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar og ólík nálgun var á viðfangsefnum nemenda. Einnig voru nýtt fjölbreytt námsgögn og tæki í námi og kennslu. Í flestum tilfellum byrjaði tíminn á útlistunarkennslu og svo tóku aðrar kennsluaðferðir við. Þar voru umræður og spurnaraðferðir nýttar, verklegar æfingar, þrautalausnir og leitaraðferðir áberandi eða í um 80% kennslustunda. Nokkuð var um hóvinnubrögð og sjálfsætt skapandi verkefni. Í öllum kennslustundum voru nýttar fleiri en ein kennsluaðferð.

Þegar kennarar nýttu spurnaraðferðir kom í ljós að sumir kennarar voru helst til fljóttir að svara spurningum og gáfu nemendum ekki umhugsunarfrest til að svara spurningum.

Góð samskipti voru á milli nemenda og kennara sem einkenndust af virðingu. Nemendur fengu oft hrós fyrir vinnusemi og voru hvattir áfram á jákvæðan hátt. Nemendur voru óhræddir við að kalla eftir hjálp frá kennara þegar þörf var á því og stundum fengu þeir svör of fljótt þannig að þeir þurftu ekki að reyna mikið á sig í náminu og leys sjálfir verkefnin.

Þátttaka nemenda í námi var almennt góð og nemendur fengu nám við hæfi. Nokkrir nemendur sýndu þó vanvirkni í námi og voru ýmist hægir til vinnu eða náðu ekki að einbeita sér að verkefnum. Stuðningsfulltrúar voru þá oft til staðar til að hjálpa til og virkja nemendur í námi.

Námsmat var í formi leiðsagnarmats og í mörgum tilfellum áttu nemendur að skila verkefnum til kennara eftir að því var lokið. Að öðrum kosti ræddu sumir kennarar samhliða verkefnavinnu og námi við nemendur um námið og námsframvindu.

Niðurstöður úr rýnihópum um lýðræðislegt skólastarf gáfu til kynna að í skólastarfi Lundarskóla er reynt að stuðla að lýðræðislegu skólastarfi. Varðandi nám og kennslu þá fá nemendur fræðslu um lýðræði og tækifæri til að ræða hugmyndir í tengslum við námið, setja sér markmið og ræða úrvinnslu. Það er einkum gert á bekkjarfundum og í samræðum við kennarar og samnemendur. Fjölbreytt námsval er á unglingsstigi í tengslum við valgreinar ásamt list- og verkgreinar. Einnig er virkt

nemendaráð til staðar í skólanum sem stuðlar að auknu nemendalýðræði í skólanum. Við mat á samvinnu og samskiptum í lýðræðislegu skólastarfi þá kemur fram að nemendur vinna stundum í þörum og hópum þar sem lögð er áhersla á samvinnu og samskipti. Einnig fer mikil samræða fram á bekkjarfundum.

Helstu veikleikar sem komu fram í matinu eru að eftirfylgd með markmiðssetningu nemenda er ábótavant og þá eru minni líkur á að nemendur nái markmiðum sínum. Varðandi samvinnu og samskipti þarf að gefa meira svigrúm í námi nemenda þar sem þeir koma markvisst skoðunum sínum í ljós og einnig þurfa nemendur að fá aukið tækfæri til að vinna að verkefnum sem þeir velja sjálf. Auka nemendalýðræði í skólanum að einhverju leiti.

Skólabragur

Starfsfólk skólans, nemendur, foreldrar og aðrir sem koma að skólasamfélaginu hafa megin áhrif á skólabraginn. Við mat á skólabrag var öllu starfsfólki skólans skipt niður í rýnihópa til að meta viðmót og menningu í skólanum. Við matið þurfti fólk að rýna í eigin samskipti við samstarfsfólk, nemendur og foreldra. Starfsfólk skilgreindi góðan skólabrag, skólabrag Lundarskóla og ræddi saman um hvernig stuðla megi að betri skólabrag.

Niðurstöður við spurningum um skólabrag Lundarskóla gáfu til kynna að samskipti meðal starfsfólks og nemenda væru almennt góð. Reynt er að mæta námi nemenda á þeirra forsendum og stuðla að vellíðan í leik og starfi. SMT reglur skólans eru sýnilegar og unnið eftir þeim ásamt einkunnarorðum skólans. Fram kom að nýir starfsmenn upplifa góðar móttökur og hlýlegt viðmót í skólanum. Skólabragurinn er almennt góður og flestum líður vel.

Helstu veikleikar eru að námið í skólanum er oft bókamiðað og minna um skipulagða verkgreinakenndu á yngri stigi. Einnig er nefnt að unglingsstigið sé ekki hluti af heildinni og að það vanti upp á sveigjanleika. Styðja þarf betur við sterkar hliðar nemenda, þjálfa þrautseigju og vinna með bekkjaranda. Varðandi SMT og agamál er bent á að töluverður hávaði sé í skólastarfi og viðingaleysi sé meðal nemenda gagnvart sumu starfsfólki. Fylgja þarf reglum betur eftir, hafa viðurlög ef þeim er ekki fylgt og fylgja verkferlum þar sem við á.

Í skólastar eru stundum álagspunktur og mikilvægt að reyna að dreifa verkefnum í samræmi við það. Óskað er eftir meiri áherslu á veitingar á kaffistofu starfsmanna, hafa fleiri uppákomur innan starfsmannahópsins og þá er mikilvægt að hvetja starfsfólk til að mæta á viðburði innan skólans. Upplýsingaflæði má einnig bæta. Mikilvægt er að starfsfólk gangi í takt og sé meðvitað um að neikvæð rödd eða raddir hafa áhrif á skólabraginn.

Niðurstöður sem snúa að úrbótastarfi, hvað við getum gert til að stuðla að betri skólabrag er settar fram í kaflanum *Úrbætur í skólastarfi* og einnig í *Umbótaáætlun*.

Sérverkefni í skólanum

SMT nefndina skipuðu kennarar, ritari og stuðningsfulltrúar. Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra var.

Teymið fundaði samviskulega samkvæmt dagskrá og sendi reglulega pósta á samstarfsfólkið til að minna á atburði í árshjólínu. Tveir fulltrúar úr teyminu voru í Set-teyminu. Á fundi voru möppur og skjöl lagfærð. SMT - dagur skólans, sameiginlegur dagur SMT og lausnateymum skólanna 6.janúar kl. 14:30 í Lundarskóla. Undirbúinn var 100 miða leikur og umbun nú í maí og árshjólið fyrir næsta vetur var gert klárt.

Á fundi kom fram geggjuð hugmynd að 10.000 vita hátíð: kaupa kúluis í Ísbúð Akureyrar og hafa íssósu og ískek. Hafa þrjár tegundir af ís og hver getur fengið tvær kúlur.

Nýjar hugmyndir að verðlaunum fyrir 100 miða leikinn:

- Bogfimi og bakkelsi
- Píla og pítsa
- Siglingu með Húna eða Hvalaskoðunarskipi (Áskell Egilsson) og kakó
- Dýragarðurinn Daladýrð Laufás
- Heimsókn í eldhús t.d. Hamborgarafabrykkuna eða Lemon. Krulla og kruðerí, alltaf gott að hafa eitthvað matarkyns með

Hvað gekk vel: SMT gekk nokkuð vel. Í samgöngubanni voru margir nemendur heima og skólastarf ekki með hefðbundnum hætti en seint í maí var 10.000 vita fögnuður með ís á línuna.

Ef skólareglurnar eru skýrar og nemendur fylgja þeim í hvívetna ætti skólabragurinn að vera góður.

Heildarmeðaltal skors Lundaskóla úr set-listum er 95 % og telst það mjög gott.

Helstu veikleikar tengjast álagstímum í skólanum og þá verði stjórnendur sýnilegri á göngum skólans. Oft mikill hasar hjá yngri krökkunum á leið í frímínútur - skorum á skólastjórnendur að vera sýnilegri á þessum tímum, sérstaklega þegar um leyfi eða veikindi starfsmanna er að ræða. Erfitt fyrir fáa starfsmenn að framfylgja reglum. Einnig kom fram í samantekt úr set-lista könnun að einn starfsmaður skólans sagði að virðing gagnvart ófaglærðu fólki væri lítil. Hegðun krakkanna væri ekki þar á háu plani. Hugsanlega væri hægt að vinna sérstaklega með þetta á næsta skólaári og fara í lausnarleit með krökkunum til að finna leið til úrbóta.

Það þar kannski líka að skerpa það að ef ekki virðing þá fái viðkomandi skráningu.

Starfs- og skólaþróun í Lundarskóla var í formi nefnda og þróunarhópa um einstök þróunarverkefni. Eftirfarandi nefndir/hópar voru starfandi:

- Leiðsögn kennaranema
- Erlent samstarf
- Framþróun á íþrótta- og útivistardögum
- Læsisnefnd

- UT teymi á yngra og eldra stigi
- Stærðfræðiþróun

Leiðsögn kennaranema á skólaárinu 2019-20 var í höndum tveggja kennara. Samskipti þeirra við nemana hófust í ágúst áður en mætt var í vinnu. Vettvangsnám nemanna hófst á fyrsta starfsdegi og í framhaldi kom æfingarkennslan. Samkvæmt skipulagi frá HA fá kennaranemarnir skipulag sem unnið er í samstarfi við þá og þeirra áhugasvið. Fyrstu dagana var erfitt að finna verkefni fyrir þá en þeir voru duglegir að fylgjast með. Í framhaldi kom æfingarkennsla sem lauk í 30. nóvember.

Nemarnir voru báðir áhugasamir og skiluðu sinni vinnu vel. Þeir virtust falla vel inn í starfsmannahópinn og leið vel í Lundarskóla. Teljum við mikilvægt að vel sé haldið utan um nemana og þeir kynntir fyrir öðru starfsfólki í skólanum.

Vert að hafa í huga að nemendum finnst oft erfitt að hafa kennaranema inni lengi og fara að sakna síns kennara. Mikilvægt að dreifa kennaranemanum á nokkra staði til að þeir séu ekki of lengi á sama stað bæði fyrir nemana og nemendur. Samband nema og leiðsagnaraðila getur haft áhrif á teymisfélagi og því mikilvægt að hafa hann í ráðum ef taka á nema.

Kostir við það að haf kennaranema er að á meðan æfingarkennslu stendur getur kennari fengið auka undirbúning ef nemi er að standa sig vel og óhætt að skilja hann eftir einan. Vettvangur til að rifja upp og skoða ýmislegt sem annars væri sjaldan gefin tími í. Nemendur græða líka á þessu, nemar koma oft inn með nýjar kennsluáferðir og nýjar nálganir.

Leiðir að úrbótum: Fá tvo til að taka einn nema, eða setja nemann í fleiri bekk en einn þó svo að það sé aðeins einn leiðbeinandi.

Hugmyndir og leiðir að frekari starfs- og skólaþróun er að vera með nefnd sem heldur utan um nemana og jafnvel nýliða líka. Ekki verra ef þeir sem leiðsegja séu með menntun í því.

Erlent samtarf er töluvert í skólanum. Lundarskóli hefur verið þátttakandi í Erasmus verkefni og Nordplus verkefni. Í Erasmus verkefninu taka fimm kennara þátt og skólastjóri.

Þáttökulöndin í Erasmus verkefninu eru: Ísland, Finnland, Belgía, Spánn og Tyrkland og er þemað To like or not to like. Þema verkefnisins fjallar um ábyrga notkun á samfélagsmiðlum og gera ungmennum grein fyrir því hvað það þýðir að setja bæði myndir og efni á samfélagsmiðla. Verkefnið hófst formlega í Belgíu í byrjun nóvember þar sem að kennari og skólastjóri fóru með 5 nemendur úr 8. bekk í viku. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð þar sem unnið var mikið með samfélagsmiðla og hvernig maður hagar sér á þeim. Unnið var mikið í hópavinnu þar sem nemendum var skipt í hópa þvert á löndin. Einnig var farið í nokkrar ferðir til borga og bæja í nágrenninu og síðasta daginn var Brussel heimsótt. Ferðin gekk ljómandi vel í alla staði og voru nemendur til fyrirmyndar og skólanum til sóma. Ferðalagið gekk vel en flogið var með Icelandair til Amsterdam þar sem hópurinn var sóttur og keyrt var til Izegem þar sem verkefnið fór fram. Á heimleiðinni tókum við lest til Brussel og flugum þaðan með Icelandair heim.

Í lok mars var fyrirhuguð ferð til Spánar þar sem átti að halda áfram vinnunni sem hófst í Belgíu. Vegna Covid 19 var þeirri ferð aflýst og verður mögulega færð aftan við dagskránnu. Af þessum

sökum er ljóst að upphafleg ferðadagskrá kemur til með taka miklum breytingum. Búið er að ákveða að halda fjarfund í september með öllum þátttökulöndunum þar sem framhaldið verður rætt. Ekki er ólíklegt að næsta ferð verði ekki á dagskrá fyrr en eftir næstu áramót. Þetta kemur þó allt til með að ráðast af stöðunni á Covid 19. Til stóð að Ísland tæki á móti öllum í október 2020 en miðað við stöðuna eins og hún er í dag er það harla ólíklegt og væntanlega tókum við á móti löndunum fyrri hluta árs 2021.

Í Nordplus verkefninu voru þrjú kennarar þátttakendur og þátttökulöndin í verkefninu eru: Ísland, Finnland, Lettland og Litháen og er þemað Developing Entrepreneurial Leadership. Fyrir skólaárið 2019 – 2020 voru Ísland og Litháen heimsótt. Á þessu skólaári byrjaði verkefnið í Finnlandi í lok september. Tveir kennarar fóru þangað með 10 nemendur úr 9. og 10. bekk og dvöldu þar í 7 daga í Espoo. Fyrir ferðina unnu nemendur verkefni þar sem þau áttu að skilgreina þrjú af níu hlutverkum Belbins og máta sig í þau hlutverk. Þau unnu þetta verkefni í pörum og bjuggu til glærusýningar. Einnig tóku tvær stelpur í 9. bekk það að sér að kynna Lundarskóla. Þessi verkefni voru mjög vel unnin og nemendur lögðu mikinn metnað í þau. Dagskráin í Finnlandi var fjölbreytt og áhugaverð á allan hátt. Vinnan við Belbin hlutverkin var klárud með kynningum og umræðum. Einnig fengum við fyrirlestur frá frumkvöðli á sviði tískunnar þar sem hann fór ítarlega yfir hvernig á að byggja fyrirtæki upp frá grunni. Í kjölfarið unnu nemendur auglýsingaverkefni þar sem þau áttu að koma með hugmynd að einhverju ákveðnu til markaðssetningar. Einnig fengum við kynningu á finnsku skólakerfi og skoðuðum mjög áhugaverðan verkmenntaskóla. Þar að auki var farið á vísindasafn, hreindýragarð, skoðunarferð um Helsinki og svo fengu nemendur að prófa að forrita umferðaljós í hópum. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og nemendur voru til fyrirmyndar og skólanum til sóma.

Til stóð að ljúka verkefninu í Lettlandi 8. – 15. mars með 6 nemendur úr 10. bekk. Fyrir ferðina unnu nemendur mjög viðamikil auglýsingaverkefni þar sem nemendur áttu að auglýsa þrjú mismunandi hluti með mismunandi framsetningu. Þessi vinna gekk ljómandi vel og nemendur tóku þessa vinna mjög alvarlega á allan hátt. Þau bjuggu til útvarpsauglýsingu um íslensk norðurljós, veggspjald með vörum og upplýsingum 66° norður og myndband um íslenska matarmenningu. Einnig unnu nemendur kynningu á skólanum og Akureyri. Tveimur dögum fyrir brottför til Lettlands voru neyðarlög sett á Ísland vegna Covid 19 veirunnar. Á sama tíma ákváðu Finnar að ferðast ekki til Lettlands vegna Covid 19. Það var því ákveðið að Ísland myndi heldur ekki fara til Lettlands vegna þessarar óvissu sem ríkti í heiminum. Lettland og Litháen héldu samt sínu striki og kláruðu verkefnið.

Þar með er þessu tveggja ári verkefni lokið og lokaskýrslan í vinnslu í Litháen.

Framþróun á íþrótt- og útivistardögum var í höndum íþróttakennara í Lundarskóla. Nefndi sá um framþróun á íþrótt og útivistardögum og hélt utan um skipulag og sá um að skipuleggja göngudag, fjölgreindaleika, útivistardag/skíðadag ásamt undirbúning þemadaga í samstarfi við teymi 1. - 10.bekkjara. Hér má sjá skipulag á þessum dögum

Göngudagur: 1. bekkur fór í gönguferð að Naustaskóla, 2. bekkur fór í Lystigarðinn og að Brekkuskóla, 3. og 4. bekkur fóru Nonnaleið, 5. og 6. bekkur fóru að Hömrum.

Nemendur í 7. - 10. bekk höfðu val um að fara í Fálkafell, Kjarnaskóg eða að hjóla minni Eyjafjarðarhringinn og fara í sund í Akureyrarlaug á eftir.

Skólahlaup/Ólympíuhlaup Íslands: Í ár voru gerðar breytingar á upphafspunkti og endapunkti sem reyndist mjög vel. Hlaupið byrjaði fyrir framan skólann og endaði þar einnig með nokkurskonar endamarki. Þar var spiluð tónlist sem gerði mikið fyrir stemminguna.

Útivistadagur/skíðadagur: Enginn skíðadagur var í ár vegna samkomubanns. Íþróttakennarar skráðu val nemenda og mál í íþróttatíma. Á fundi í janúar voru kennarar voru spurðir um skíðadaginn og fannst þeim hann góður eins og hann er.

Fjölgreindaleikar: Fjölgreindaleikarnir gengu mjög vel og skipulagið er gott, þrjár stöðvar eins.

Íþróttadagur unglingsstigs: Íþróttadagur unglingsstigs var haldinn 2. júní 2020. Við vorum með nýjar þrautir og hættum með kennarakeppni. Dagurinn heppnaðist fullkomlega. Tímaáætlun stóðst. Við notuðum hátalara og hljóðnema úr skólanum. Þó tímaramminn virtist knappur var svigrúm til að útskýra þrautina en það þarf að hafa hátalarann nær hópnum.

Dagskrá: Þrautabraut, stígvélakast, eggjakast, körfuboltaskotkeppni, nestishlé, Húllaleikurinn, snjógallaboðhlaup, fótbolli, dodgeball, reiptog, mótsslit. Hádegismatur var eftir að keppni lauk.

Skólahlaup, fjölgreindaleikar og íþróttadagur unglingsstigs gekk allt glimrandi vel. Tímaáætlun stóðst og mikil ánægja meðal nemenda og kennara.

Umbætur á þessum dögum verður í framhaldi í höndum teymi íþróttakennara og þá þarf teymið að hafa eftirfarandi í huga:

Göngudagur:

- Hafa göngudaginn á sunddegi til að nýta sundrútur
- Skýrari fyrirmæli með sund eftir að hafa hjólað Eyjafjarðarhringinn.
- Kennarar sem fóru Nonnaleið fannst leiðin ekki nægilega spennandi og að hentugra væri að tengja ferðina fræðslu um Nonna og Manna.
- Finna nýjar og spennandi leiðir

Skólahlaup:

- Hafa vatnsstöð fyrir þá sem hlaupa lengri vegalengdir.
- Bjóða upp á ávexti í markinu.
- Hafa stóra digital skeiðklukku í markinu sem sýnir tímann.
- Gera markið meira áberandi t.d. með flöggum eða borða.
- Hætta að veita viðurkenningarskjöl vegna umhverfissjónarmiða.
- Veita bikar í verðlaun þeim árgangi sem hljóp hlutfallslega lengst.

Útivistardagur:

- Að 1. 2. og 3. bekkur fari á gönguskíði undir stjórn kennara.

Fjölgreindaleikar:

- Finna nýjar hugmyndir af verkefnum.

Íþróttadagur unglíngastígs:

- Gaman ef við gætum verið öll “Hin fjögur fræknu” á unglíngastíginu þennan dag

Leiðir að úrbótum:

- Á göngudaginn þyrfti að skoða leiðir og hópastærðir. Sumir árgangar eru svo fjölmennir að það gæti verið heppilegra að þeir fari einir.
- Á íþróttadegi unglíngastígs gæti verið gaman að hafa bæði stelpu og strákaþeppnina í fótbolta á sama tíma þá eru allir á sama stað að fylgjast með.
- Vinna með nýjar ferskar hugmyndir.
- Endurskoða og meta þessa daga á hverju ári og skoða verkefni út frá nemendahópum.

Læsisnefnd í Lundarskóla lagði áherslu á lesskilning og lesskilningsaðferðir. Nefndin fékk kynningu á fjölbreyttum aðferðum frá MSHA. Þar má nefna kynningu/fræðslu á gagnvirkum lestri, fjórum athyglisverðum fróðleiksmolum og persónum byrjendalæsis. Unnin voru verkefni á fundartíma undir leiðsögn MSHA og gefin voru tækifæri til að prófa aðferðirnar í kennslunni og að lokum átti að miðla reynslu. Nefndinni gekk ágætlega en of langur tími leið á milli funda. E.t.v. hefði nýst betur að þjappað þeim betur saman.

UT teymi var starfandi á eldra og yngra stigi. Á eldra stigi voru fimm kennarar og bókasafnsfræðingur. Hópurinn hittist samkvæmt dagskrá frá stjórnendum skólans og ræddi ýmis mál sem tengdust upplýsinga- og tæknimálum á eldra stigi. Fundir voru haldnir í stofu A-205. Fyrirkomulag funda var með þeim hætti að allir fundarmenn gátu komið uppástungur um efni sem áhugavert væri að skoða og ræða, leita upplýsinga hver hjá öðrum og miðla eigin þekkingu.

Viðfangsefni teymisins var að skoða heimsíður, forrit og öpp. Þar má nefna Book Creator, Prezi, Doctopus, nearpod.com, Edpuzzle, Quizlet, Quizizz, Kahoot, Glogster, flippity.net, Google sites, Flipgrid og Padlet, að ógleymdri mikilli umræðu um Google Classroom.

MSHA var í samstarfi við skólann og kynnti og kendi á forritið Book Creator.

Samkvæmt teyminu eru styrkleikar Lundarskóla fyrst og fremst fólgnir í metnaðarfullu starfsfólki sem vill nýta tæknina þar sem hún á við í starfi sínu. Nemendur á eldra stigi eru með Chromebook fartölvur sem auðveldar mjög aðgang að rafrænu námsefni, námsmati og ítarefni á neti. Notkun og þekking á kennslukerfinu Google Classroom kom sér vel meðan á heimanámi stóð í 8. til 10. bekk vegna þrenginga á samkomubanni.

Helstu veikleikar eru að huga þarf að aðgengi að tölvum, Chromebook fartölvum og spjaldtölvum, fyrir nemendur á öllum stigum og aðstoða kennara við að tileinka sér tæknina, meta mismunandi notkunargildi rafrænna lausna, læra á fjölbreyttar stafrænar lausnir í kennslu og námsmati og miðla þekkingu sín á milli.

Ógnanir í fram þróun er fjármagns- og tímaskortur. Bæði kostar vélbúnaður peninga og áskriftir að hinum ýmsu kerfum. Það þarf því að meta mjög vel að hverju borgar sig að kaupa aðgang og hverju er best að sleppa. Fátt er leiðinlegra en að eyða mikilvægum fjármunum í forrit eða heimasíður sem eru svo lítið eða ekkert notaðar af starfsfólki. Einnig þarf að passa að kennarar og eftir aðstæðum annað

starfsfólk, s.s. stuðningsfulltrúar fá tíma til að kynna sér og læra á þessi stafrænu hjálpartæki sem eru í boði og tileinka sér að vinna með þau.

Tækifæri eru til staðar og eru þau fólgin í stuðningi við kennara í að kynna sér og læra á þau kennslu – og námsmatstæki sem í boði eru, en ekki síður er mikilvægt að styðja myndun námssamfélags innan kennarahópsins þar sem hægt er að miðla bæði þekkingu og reynslu, hvort heldur sem er um það sem vel hefur nýst sem og það sem ber að varast.

Í teymi yngra stigs voru 9 kennarar sem tóku þátt í þróunarstarfi með stuðningi frá MSHA. Þá var unnið með forrit fyrir yngri nemendur, kennt á Bookcreator í gegnum google, osmo og forritun/vélmenni.

Samkvæmt teyminu kemur fram að það er betra að nota chrome book tölvurnar en spjaldtölvur í þessari vinnu. Yngra stigið óskar eftir að aðgangur verði keyptur áfram að þeim forritum sem voru í boði á skólaárinu og bæta megi aðgengi að tölvum fyrir alla.

Stærðfræðiþróun í Lundarskóla var framfylgt af fimm kennurum sem hittust reglulega, ræddu saman og miðluðu hugmyndum sem nýttust í kennslu. MSHA hélt utan um verkefni með teyminu.

Þá var farið yfir greiningarlykla á smáforritum. Hugmynd kom fram um að taka saman skjal með þeim forritum sem öll teymi hafa notað og deila því. E.t.v. gott að hafa greiningarlyklana í huga við þetta.

Fram kom í teyminu að samræða hópsins er mikilvæg fyrir hópinn og þó að ekki sé mjög stíft skipulag þá skilar hún alltaf hugmyndum og hvatningu.

Í 4.bekk var prófað að vinna að þrautalausnum í hópum þannig að nemendur unnu á fleti sem auðvelt var að stroka út af t.d. með töflutússi á glugga og spjöld og reyndist mjög vel. Það rýmar við rannsóknir sem hafa verið gerðar á slíkri vinnu sem sýnir að ef nemendur geta auðveldlega strokað út vinnu sína er þeir líklegri til að prófa sig áfram í lausnaleyttinu. Í 7.bekk var forritið Geobord prófað sem reyndist vel í kennslu. Í þróunarvinnu er mikilvægt að hafa fyrirfram ákveðin verkefni sem á að vinna að og ákveðinn tímaramma. Ef þessi hópur verður starfandi næsta vetur þá leggjum við til að það verði gert. Hópurinn þarf að vera stærri og kennari úr hverjum árgangi á stiginu.

Teymisvinna árganga

Í Lundarskóla er teymisvinna viðhöfð þar sem kennarar vinna í teyimum sem miða að faglegum vinnubrögðum og þróa með sér nýja þekkingu. Einnig er hún fólgin í samvinnu í samstilltum starfshópum sem hafa sameignlega sýn og markmið. Öll kennarateymin í skólanum leggja áherslu á námsumhverfis sem henta hverjum og einum nemanda. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru nýttar til að sinna þörfum sem flestra nemenda þar sem áherslur eru lagðar á sterkar hliðar hvers og eins. Jafnframt fá nemendur tækifæri til að þróa sjálfstæð vinnubrögð, eigin námsstíl og verklag í námi. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðun í námi og kennslu í öllum árgöngum og unnið að einstaklingsmiðuðum námsmatsaðferðum á öllum aldurstigum. Slíkar námsmatsaðferðir taka á fjölbreyttu námsmati hjá öllum árgöngum í flestum greinum. Matið fer fram í gegnum Mentor K3 þar sem markmið og mat á

markmiðum með námi eru sýnileg foreldrum og nemendum. Lokamat fer einnig í gegnum Mentor K3 og þá fær hver nemandi vitnisburð eftir skólaárið bæði í rafrænu- og út prentuðu formi.

Umsjónarkennarateymi sjá um alla bóklega kennslu í hverjum árgangi fyrir sig auk sérkennslu í samstarfi við sérkennara skólans. Með þessu deila kennara ábyrgð á nemendum, námi og kennslu í árgöngunum. Í skólanum starfa teymi list- og verkgreinakennara og íþróttakennara. Hvert teymi fyrir sig sér um skipulag á námi og kennslu í þessum greinum. Heill árgangur fer ávallt saman í list- og verkgreinar ásamt íþróttir. Sund er skipulagt sérstaklega í samræmi við afnot af sundlauginni.

Öll teymi skólans skiluðu ítarlegum skýrslum um nám, kennslu, skipulag og framþróun í starfi á lokað svæði skólans og eru þær aðgengilegar starfsfólki hans.

Innra mat:

Tilgangur með innra mati er að koma auga á það sem vel er gert í skólastarfi og að þróa það sem betur má fara. Þróunarstarf og úrbætur í skólastarfi tengist öllu skólasamfélaginu og því mikilvægt að vinna með niðurstöður og finna lausnir á því sem betur má fara. Í umbótaáætlun skólans vegna innra mats koma fram umbótaþættir, leiðir að aðgerðum, tímasetningar, endurmat og hver ber ábyrgð á umbótum hverju sinni. Hér neðar má sjá umbótaáætlun Lundarskóla sem snýr að þeim þáttum sem þarf að huga sérstaklega að.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur skv. innra mati	Aðgerðir til umbóta	Hvernig	Hvenær hefjast umbætur	Hvenær lýkur umbótum	Ábyrgðar-aðili	Endurmat/hvenær
Nám og kennsla						
Inntak náms, árangur og framfarir	Auka eftirfylgd með markmiðssetningu nemenda Nemendur vinna oftar að áhugasviðsverkefnum sem tengjast þeirra lífi og áhugasviði Gæta þess allir nemendur fá námstækifæri við hæfi	Ræða um markmið og námslega stöðu í foreldraviðtölum Fá nemendur til að setja sér markmið með náminu og vinna jafnvel í litlum hópum eða þörum að viðfangsefnum sem þeir velja sjálfir Nýta einstaklingsmiðað nám sem hentar ólíkum nemendum. Bókamiðað nám, skapandi nám, samræður í	Viðvarandi	Viðvarandi	Kennarar	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi, vor 2021, rýnihópar/rafræn könnun

		skólastafi eða aðrar fjölbreyttar leiðir				
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	Þjálfa nemendur í að koma skoðunum sínum á framfæri og stuðla að auknu nemendalýðræði	Halda innanhúsping þar sem raddir nemenda heyrast Hafa kosningar eða kannanir um ákveðin málefni innan eða breytingum Mynda rýnihópa þvert á árganga þar sem ákveðin málefni, nám, kennsla eða verkefni inna skólans eru rædd, niðurstöður skráðar og kynntar fyrir skólasamfélaginu Nýta t.d. nemendagátt og kannanir til að koma skoðunum nemenda á framfæri	Viðvarandi	Viðvarandi	Kennarar	Skólapúlsinn og innra mat nemenda um lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfi, vor 2021, rýnihópar/rafræn könnun
Skólabragur						
Viðmót og menning í skólanum	Hafa upplýsingaflæði gott innan skólans og milli heimilis og skóla Auka vellíðan á vinnustað	Bjóða foreldrum oftari heimsókn í skólann, á bekkjarkynningar og sýna gestrisni Vera hreinskiptin í samskiptum og hafa gott upplýsingaflæði mana á milli Hrósa starfsfólki vel, klappi á bakið og hafi	Viðvarandi	Viðvarandi	Kennarar og stjórnendur	Fjöldi heimsókna foreldra í skólann, Skólapúslinn, og innra mat vor 2021 og 2022 Ánægjukönnun starfsfólks vor 2022

		veitingar á kaffistofu Huga að góðum samskiptum milli starfsfólks með því að bjóða góðan daginn, sýna virðingu, hjálpast að við verkefni og auka samstarf milli allra				
Sérverkefni skólans						
SMT reglur og eftirfylgd	Auka eftirlit og eftirlit á álagstímum Auka virðingu gagnvart öllu starfsfólki í skólanum	Hafa góða mönnun á svæðum og stjórnendur verði sýnilegir á álagstímum Launsnaleit með nemendum um leiðir að bættum árangri í SMT og finna leiðir til að fylgja einkunnarorðum skólans	Viðvarandi Skólaárið 2020-21	Viðvarandi Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Mat SMT nefndar og innra mat á sérverkefnum, vor 2021
Teymisvinna	Stuðla að auknu samstarfi í teymi með áherslu á stuðning teymisfélaga í starfi. Þörf er fyrir að styrkja kennara í starfi og efla þá í að leita til teymisfélaga þegar vel/illa gengur	Fá stuðning og leiðsögn frá MSHA	Nóvember 2020	Vor 2022	Skóla- stjórnendur	Mat á teymisvinnu vor 2021 og 2022 (GÓG matslisti)
Starfs- og þróunarhópar, Leiðsögn kennaranema	Að finna leiðir til að kennaranemar fái góða sýn á starf skólans og einangrist ekki í einum árgangi og yfirtaki of langan tíma í árganginum	Fá tvo til að taka einn nema, eða setja nemann í fleiri bekki en einn þó svo að það sé aðeins einn leiðbeinandi	Viðvarandi þegar skólinn tekur að sér kennaranema	Viðvarandi þegar skólinn tekur að sér kennaranema	Leiðsagnar-kennari	Mat leiðsagnar-kennara og kennaranema eftir nám á vettvangi ár hvert
Framþróun á íþrótt- og	Endurskoða dagana og vinna að	Hugmynda- vinna varðandi skipulag, leiki,	Á hverju skólaári	Vor ár hvert	Íþróttakennara í samvinnu við aðra kennara	Fyrir hvern viðburð

útvistar- dögum	úrbotum samkvæmt mati nefndarinnar	þrautir og skipulag				skólaárið 2020- 21
UT þróun	Bæta tölvukost skólans og auka stuðning við kennara	Kaupa fleiri tölvur og stuðla að jafningja- fræðslu	Haust 2020 og viðvarandi stuðningur	Haust 2020 og viðvarandi	Skóla- stjórnendur og kennarar	Vor 2021

Niðurlag

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021 byggir á niðurstöðum úr innra mati skólaársins 2019 – 2020 ásamt áætlun um framþróun í skólastarfi í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans sem miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Í mars 2020 fór skólinn í ytra mat og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun vegna ytra mats. Umbótaáætlanir skólans á ytra og innra mati tengjast og taka mið af umbótum í skólastarfi í tengslum við stefnu skólans og Menntastefnu Akureyrar.

Langtímaáætlun varðandi innra mat hefur verið gerð í takt við starfs- og skólaþróun skóla sem miðar að lærdómssamfélagi. Áætlunin gildir til skólaársins 2022 – 2023. Samkvæmt áætluninni verða sumir þættir metnir ár hvert en aðrir annað hvert ár eða sjaldnar. Matsáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki á starfsdögum í ágúst en hefur hún nú þegar verið birt á heimasíðu skólans.

Í Lundarskóla er lögð áhersla á aukin vellíðan nemenda, árangur og ánægju í námi og kennslu, SMT skólafærni, heilsueflingu, foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat í gegnum Mentor K3, heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks.

Næsta skólaár verður áfram lögð áhersla á þessa þætti ásamt starfsþróun kennara í minni starfsþróunarhópum sem taka mið af áhuga hvers og eins. Fastanefndir verða starfandi við skólann sem eru Hátíðarnefnd, Eineltis- og lausnateymi, Heilsueflandi grunnskóli, SMT teymi, Öryggis og jafnréttisnefnd ásamt nefnd um innra mat. Einnig verða starfandi tvær nefndir um læsi, það er á yngra og eldra stigi.

Skólinn munum halda áfram faglegu samstafi við MSHA, fá stuðning og leiðsögn/fræðslu frá þeim. Mikilvægt er að huga að góðu skipulagi, upplýsingaflæði og gæta þess að allt starfsfólk fái tækifæri til nefndar- og þróunarstarfa, geti sótt fundi og viðburði sem tengjast skólasamfélaginu og framþróun í skólastarfi.